



FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKARÁÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Sími: 545 9200

fjarmalastodugleikarad.is

Reykjavík, 13. apríl 2018

Tilmæli um eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálfyrirtæki

Kerfislega mikilvægir eftirlitsskyldir aðilar eru þeir sem vegna eðlis og umfangs starfsemi sinnar geta haft verulega neikvæð áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og á raunhagkerfið lendi þeir í erfiðleikum. Sökum mikilvægis þessara aðila fyrir fjármálainnviði og aðgang almennings að greiðsluþjónustu og eigin sparifé, er meira opinbert eftirlit með þeim en öðrum fjármálfyrirtækjum og beinar og óbeinar ábyrgðir á skuldbindingar þeirra eru víðtækari. Freistnivandi er ávallt til staðar sem birtist í því að þessir mikilvægu aðilar gætu freistast til að taka meiri áhættu en hagkvæmt er fyrir fjármálakerfið í heild. Því er nauðsynlegt að hafa regluverk sem vinnur á móti þessari tilhneigingu, sérstaklega í formi aukinna eiginfjárvæðna og virkara eftirlits en ella.

Til að mæta þessari áhættu hefur verið leidd í lög heimild til að leggja viðbótar eiginfjárkröfu á kerfislega mikilvæg fjármálfyrirtæki, sbr. 86. gr. c laga um fjármálfyrirtæki, nr. 161/2002. Sú eiginfjárkröfa styrkir getu eða viðnámsþrótt þessara fjármálfyrirtækja til að takast á við áföll, dregur úr líkum á falli þeirra og þar með úr væntum neikvæðum áhrifum á fjármálakerfið og raunhagkerfið. Tíðara og umfangsmeira eftirlit er með eftirlitsskyldum aðilum sem eru skilgreindir sem kerfislega mikilvægir. Eftirlitið er í höndum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.

Hinn 1. apríl 2016 var settur á 2% eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálfyrirtæki, sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 22. janúar 2016 og ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. mars 2016.¹ Í samræmi við 1. mgr. 86. gr. c laga um fjármálfyrirtæki skal endurskoða ákvörðun um að setja eiginfjárukann á og gildi hans árlega og til samræmis við það hefur Fjármálaeftirlitið óskað eftir aðkomu fjármálastöðugleikaráðs.

Eiginfjárukinn var endurskoðaður fyrir ári síðan og þann 10. apríl 2017 beindi fjármálastöðugleikaráð þeim tilmælum til Fjármálaeftirlitsins að kveða áfram á um 2% eiginfjáruka á kerfislega mikilvæg fjármálfyrirtæki.² Í kjölfarið, nánar tiltekið 26. apríl 2017, tilkynnti Fjármálaeftirlitið um að ákvörðun þess frá 1. mars 2016, um 2% eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálfyrirtæki, gildi áfram óbreytt.³

Mat á kerfislegu mikilvægi

Við mat á kerfislegu mikilvægi eftirlitsskyldra aðila er, líkt og áður, stuðst við aðferðafræði sem byggir á aðferðafræði Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA).⁴ Aðferðafræðin mælir fyrir um mat á þáttum sem fá ákveðin stig og þeir aðilar sem fá meira en 350 stig teljist kerfislega mikilvægir. Þeir kerfislega mikilvægu aðilar, sem jafnframt eru fjármálfyrirtæki í skilningi laga nr. 161/2002 skulu viðhalda eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis, sbr. 86. gr. c fyrrgreindra laga. Matið skiptist í tvö þrep. Í þrepi 1 eru notaðir sömu kjarnavísar og EBA mælir með í aðferðafræði

¹ Sjá [Stjórnarráðið](#) og [Fjármálaeftirlitið](#).

² Sjá [Fjármála- og efnahagsráðuneytið](#).

³ Sjá [Fjármálaeftirlitið](#).

⁴ [European Banking Authority \(2014\). Guidelines on common procedures and methodologies for the supervisory review and evaluation process \(SREP\), \(EBA/GL/2014/13\).](#)

sinni, en í þrepi 2 er þar að auki tekið tillit til veltu á gjaldeyrismarkaði.⁵ Fleiri vísar voru ekki skoðaðir í þrepi 2 að þessu sinni.

Í töflu 1 eru niðurstöður matsins en samkvæmt því teljast stóru viðskiptabankarnir þrír kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki. Við framkvæmd matsins var stuðst við árslokátölur eftirlitsskyldra aðila fyrir árið 2017.

Fjármálastöðugleikaráð beinir því þeim tilmælum til Fjármálaeftirlitsins að stofnunin kveði áfram á um að Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. viðhaldi eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis þeirra. Í ljósi þess að heildarstigafjöldi þessara aðila er vel umfram 350 stiga viðmiðið, leggur ráðið til að eiginfjárukinn nemi áfram 2% af áhættugrunni, sem er hámark eiginfjárukans samkvæmt lögum. Ráðið beinir því til Fjármálaeftirlitsins að eiginfjárukanum verði einnig áfram viðhaldið á samstæðugrunni og taki til allra áhættuskuldbindinga viðskiptabankanna.

Tafla 1: Mat á kerfislegu mikilvægi eftirlitsskyldra aðila

	Flokkar	Lands- bankinn	Arion banki	Íslands- banki	Aðrir
Þrep 1	1. Stærð	2794	2689	2427	2090
	2. Mikilvægi	3350	2693	3040	916
	3. Flækjustig og starfsemi yfir landamæri	2878	4243	2724	154
	4. Tengsl	4120	2601	1595	1683
	Samtals veginn stigafjöldi (Þrep 1)	3286	3057	2447	1211
Þrep 2	2. Mikilvægi / velta á gjaldeyrismarkaði	2594	3431	3202	773
	Samtals veginn stigafjöldi (Þrep 2)	3238	3103	2457	1202

Niðurstaða

Með hliðsjón af greiningu kerfisáhættunefndar beinir fjármálastöðugleikaráð tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að kveða áfram á um 2% eiginfjáruka á kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki. Eiginfjárukinn skal sem fyrr ná til allra áhættuskuldbindinga þessara fjármálafyrirtækja á samstæðugrunni.

⁵ Velta á gjaldeyrismarkaði er einn af mörgum viðbótarvísunum sem EBA telur gagnlega við mat á kerfislegu mikilvægi en er þó ekki hluti af kjarnavísunum sem skal nota.